



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Kjósarhreppur  
Jón Eiríkur Guðmundsson,  
byggingar- og skipulagsfulltrúi  
Félagsgarði  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 23. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071100007/ksj

### Tillögur að deiliskipulagi, á svæði Vindás 5 og Vindás 7 á landi Katrínar Þ. Guðlaugsdóttur í Kjósarhreppi.

Vísað er til erindis frá Jóni Eiríki Guðmundssyni byggingar- og skipulagsfulltrúa Kjósarhreppi sem barst þann 01.11. síðastliðinn þar sem óskað er umsgagnar um deiliskipulag lóða er nefnast Vindás 5 og Vindás 7 í Kjósarhreppi. Erindinu fylgja 2 uppdættir í mkv. 1:2000.

Deiliskipulag fyrir Vindás 5 nær yfir lóð með 6 byggingarreitum þar sem gert er ráð fyrir 1 sumarhúsi ásamt 3 útihúsum á hverjum byggingarreit. Deiliskipulag fyrir Vindás 7 nær yfir lóð með 2 byggingarreitum þar sem gert er ráð fyrir samtals 3 sumarhúsum og 3 útihúsum við hvert þeirra.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið

#### Náttúruminjar

Svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er á bökkum Laxár í Kjós, en áin ásamt vatnasvæði er á Náttúruminjasrá en í skránni segir: *“Laxárvogur og Laxá í Kjós, -Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnessýslu. (1) Grunnsvævi, fjöror og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesstef og Hurðarbakssef. (2) Í Laxárvogi eru viðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf.”*

Við það er almennt miðað þegar vötn og tjarnir og ár eru sett á Náttúruminjasrá að vernda beri ána og farveg hennar ásamt 100 metra breiðu beltum ofan eðlilegra flóðamarka eða gljúfrabruna. Þar af leiðandi skulu byggingar ekki staðsettar nær Laxá í Kjós en 100 metrar, og lóðamörk ekki nær en 50 metrar.

Þegar báðar deiliskipulagstillögur eru skoðaðar kemur í ljós að af 8 byggingarreitum eru 6 þeirra of nálægt ánni. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að bústaðir verði ekki staðsettir nær árbakkanum en 100 metrar.

Í Lögum um náttúruvernd númer 44/1999 er kveðið skýrt á um girðingar í 23. grein, en


þar segir: "Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár-, eða sjávarbakka þannig að hindri leið gangandi manna." Því ber að gæta þess ef lóðirnar verða girtar, að girðing sé ekki nær ánni en 50 metrar.

Ofangreint deiliskipulagssvæði er á svæði þar sem er upprunalegur birkiskógur. Umhverfisstofnun bendir á hversu mikilvægt er að skógurinn verði fyrir sem minnsti röskun og vill stofnunin benda á að í 39. grein Laga um náttúruvernd númer 44/1999 kemur fram að vinna skuli að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Einnig kemur fram í sömu grein "Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt." Umhverfisstofnun tekur undir texta í greinargerð þar sem segir að staðsetning húsa taki mið af birkikjarri og landslagi. Ekkert er minnst á frárennsli í texta með uppdrætti. Umhverfisstofnun bendir á að frárennsli skuli leitt í rotþró með siturlögn samkvæmt riti nr. UST. 03/01.


### Niðurstaða

Þar sem deiliskipulagstillagan er á svæði á Náttúruminjaskrá eru 6 af 8 byggingarreitum á ofangreindum deiliskipulagstillögum staðsettir of nálægt Laxá í Kjós, og þarf að færa þá fjær ánni. Umhverfisstofnun minnir á að náttúrulegu birkikjarri verði sem minnst raskað, og að gætt verði að aðgengi almennings að bökkum árinna.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Helgi Jónsson  
Forstöðumaður

Afrit Skipulagsstofnun